




Fréttabréf Garðaskóla

1. töl. 34. árg. ágúst 2010



Velkomin í Garðaskóla

Fréttabréf þetta er hugsað sem eins konar leiðarvísir um skólastarf Garðaskóla á komandi vetri. Upplýsingar ritsins eru langt í frá tæmandi en sem endranær verður keppst við að veita sem flestar upplýsingar á heimasíðu skólans gardaskoli.is.

Framundan er augljóslega kraftmikill vetur og á blaðsíðu 2 er greint frá virkilega ánægjulegum stuðningi sem skólinn hefur fengið úr ýmsum áttum. Eftirtektarverður góður námsárangur nemenda í Garðaskóla á undanförunum hefur víða vakið athygli og starfsmenn skólans eru staðráðnir í að halda uppi því gæðastarfi sem einkennir góðan skóla. Slíkt verður þó ekki gert án mikils samstarfs og trausts á milli heimila og skóla. Undan því getum við í Garðaskóla ekki kvartað því foreldrar nemenda í Garðaskóla hafa verið einkar samvinnuliprir og hafa einatt veitt okkur stuðning með hvatningu, hrósi, málefnalegri gagnrýni og síðan þörfum ábendingum um betrubætur. Þá hafa nemendur skólans sýnt að þeim er annt um skólann sinn og félagsmiðstöðina sína og þeir hafa langflestir átt auðvelt með að aðlaga sig að stefnu skólans í samskipta- og hegðunarmálum (agareglum) sem við kennum við „Uppbyggingu“ eða öðru nafni „Uppeldi til ábyrgðar.“



Við í Garðaskóla stefnum að þróttmiklu og gefandi skólastarfi og teljum okkar hafa til þess nauðsynlegar forsendur: Frábæra starfskrafta, góðan aðbúnað og jákvæða nemendur og foreldra. Með dyggum stuðningi bæjaryfirvalda og varkárni í meðferð verðmæta, fjármuna og gagna munum við gera Garðaskóla og Garðalund að gríðastað nemenda. Í skólanum eiga nemendur okkar að geta sinnt viðfangsefnum sem leiða þá til aukinnar menntunar og þroska. Allir þeir sem að Garðaskóla koma eru hjartanlega boðnir velkomnir til starfa haustið 2010!



Breytt form Fréttabréfs

Þetta Fréttabréf er gefið út á pappír enda gegnir þessi fyrsta útgáfa ársins bæði hlutverki nýjustu fréttu en veitir einnig almennar upplýsingar og er leiðarvísir um skólastarfið. Til að spara pappír og prentun verða næstu Fréttabréf skólans eingöngu gefin út með rafrænum hætti og send nemendum og foreldrum með tölvupósti og birt á heimasíðu skólans. Mun Fréttabréfið því vera styttra og í formi reglulegra pistla skólastjóra þar sem starfið er reifað og skilgreint. Þeir foreldrar sem ekki sætta sig við rafræna útgáfu (hafa ekki aðgang að tölvu t.d.) geta skráð sig sem áskrifendur að prentuðum útgáfum fréttapistlanna á skrifstofu skólans.



Frá skólastjóra: Mikill stuðningur við Garðaskóla úr ýmsum áttum



Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að nú á aðhaldstímum hefur Garðaskóla borist mikilvægur stuðningur úr ýmsum áttum. Styrkir og framlög til skólans eru mikil búbot sem munu auðga skólastarfið og gera okkur kleift að halda áfram því þróttmikla starfi sem einkennir starfsemi Garðaskóla.

Bæjarsjóður hefur veitt skólanum tæplega milljón krónur til að geta haldið úti „Gagn og gaman-dögum í lok október en vegna sparnaðar féllu þeir niður í fyrra. Bærinn styrkti síðan skólann til að halda hátíðlega „listadaga,, á vorönn sem varð nokkur sárabót fyrir missi „Gagns og gaman-daganna.“

Forvarnarnefnd Garðabæjar styrkir skólann myndarlega við forvarnarverkefnið „Marita“ (vímuefnafræðsla) og „Blátt áfram“ (fræðsla um kynferðislegt ofbeldi).

Skólinn fékk síðan hæsta styrk sem honum hefur nokkru sinni hlotist, kr. 2.420.000.- til að starfrækja í vetur deild/þjónustu fyrir svonefnda ADHD nemendur (nemendur með ofvirkni og athyglisbrest). Það var félags- og tryggingarmálaráðuneytið sem veitti styrkinn sem hugsanlega verður veittur á ný næsta skólaár ef verkefnið nær að blómstra.

Félagskonur í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar voru svo rausnalegar að veita foreldrafélagi skólans styrk til kaupa á náttúrufræðiforritinu „Sunflower“. Kvenfélag Garðabæjar bætti síðan um betur svo að endar næðu saman. Forritið kostar hátt í kr. 300.000.- en það mun nýtast öllum nemendum skólans.

Þá hlaut skólinn brautargengi Vonarsjóðs Kennarasambands Íslands með styrk að upphæð kr. 500.000.- til að halda úti verkefni um heimspeki og samræðulist sem sjö kennarar skólans munu standa að. Í tengslum við verkefnið mun skólinn hafa forgöngu um námskeið í heimspeki sem franskur heimspekingurinn Dr.Oscar Brenifier mun stjórna í lok september.

Viðskiptaráð Íslands veitti skólanum á sl. vetri góðan fjárstuðning við að halda úti sérþjónustu við fjóra nemendur í alþjóðadeild skólans.

Að lokum má einnig geta þess að skólinn fékk enn á ný styrk til 2ja ára til að halda úti alþjóðlegu samvinnuverkefni kennt við Comenius, en skólinn er í samstarfi við sex skóla í útlöndum.

Nánar verður sagt frá þessum verkefnum eftir því sem fram vindur en öllum þeim sem að umsóknnum og styrkveitingum hafa staðið eru færðar hinar kærustu kveðjur. Það er ljóst að skólinn nýtur bæði trausts og velvildar víða að! Það er gott veganesti fyrir farsælt og árangursríkt skólastarf sem framundan er.

Ragnar Gíslason, skólastjóri

Fréttabréf Garðaskóla 1. tbl. 34. árg. ágúst 2010
Fréttabréfinu er dreift til allra nemenda skólans og er ætlað þeim og forráðamönnum þeirra.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ragnar Gíslason skólastjóri. Umbrot og hönnun: Soffía Jacobsen.
Upplag: 500 eintök.
Heimasíða: <http://www.gardaskoli.is>
Netfang: gardaskoli@gardaskoli.is

Foreldraviðtöl: Fimmtudaginn 2. september frá kl. 8.20 til 9.00

Góð samskipti heimila og skóla er ein mikilvæg forsenda farsæls skólstarfs. Starfsmenn Garðaskóla leggja metnað sinn í að vinna vel með nemendum og foreldrum þeirra. Á undanförunum árum hefur skólinn gefið nemendum sérprentaða handbók en nú hefur því verið hætt. Framvegis mun skólinn birta heimanám og verkefnabók nemenda í Mentorforritinu, en við í Garðaskóla mælum þó eindregið með að nemendur komi sér einnig upp eigin handbók t.d. með því að kaupa sér svonefnda „Skólakompu“ sem fæst í ritfangaverslunum.

Tölvupóstur hefur á undanförunum árum gjörbreytt samskiptum heimila og skóla og hver kennari skólans er með fartölvu og því mjög auðvelt fyrir foreldra og kennara að hafa með þeim hætti góð samskipti. Þá eru tiltekin atriði sem upp koma í skólstarfinu skráð í dagbók nemenda í Mentor.

Í haust verða fyrstu formlegu foreldrafundir haustsins **fimmtudaginn 2. september frá kl. 8.20 til 9.00** þar sem foreldrar hitta fyrir umsjónarkennara barns síns ásamt öðrum foreldrum í viðkomandi umsjónarbekk. Formlegur dagur fyrir viðtöl umsjónarkennara, foreldra og nemenda verður **19. október** og seinni formlegi foreldradagurinn (foreldra- og nemendaviðtöl) verður síðan í byrjun næsta árs **miðvikudaginn 12. janúar 2011** sem er fljótlega eftir afhendingu einkunna vegna haustannar.

Að öðru leyti skal hér ítrekað að foreldrar eiga ávallt greiðan aðgang að starfsmönnum skólans, stjórnendum, kennurum og öðrum starfsmönnum og eru hvattir til að hafa samband þegar spurningar vakna eða aðstoðar eða ráðlegginga er þörf. Einnig eru ábendingar foreldra um það sem betur má fara ávallt vel þagnar.

Skólakortið - hvað er það?

Öllum nemendum skólans er gefinn kostur á að nýta Skólakortið til kaupa á matvöru í matsölu skólans, en það er í raun innanhúss „debetkort.“ Nemendur/foreldrar leggja tiltekna upphæð að eigin vali inn á reikning í gegnum heimabanka sinn á Netinu. Starfsmenn skólans færa fjárhæðina umhendis inn á kortareikning nemandans. Nemandinn notar kortið sem greiðslumiðil í mötuneyti skólans og hann og foreldrar fá reglulega sent yfirlit um stöðu og hvaða vörur hafa verið keyptar með kortinu.

Mikið öryggisatriði er að á hverju korti er ljósmynd af eiganda og sú mynd kemur einnig upp á skjá afgreiðslufólks. Ef kort týnist er umsvifalaust hægt að loka því. Nemendur fá kortið endurgjaldslaut, en þurfa að greiða 500 krónur ef þeir glata korti og fá nýtt kort. Nýjar myndir verða teknar af öllum nemendum skólans í upphafi skólaárs.

Skólakortið er einnig hægt að nota við kaup á ljósritun á skólasafni.



Matsalan

Í fyrravetur tók nýr rekstraraðili við matsölu nemenda í grunnskólum Garðabæjar. Fyrirtækið „Heitt og kalt ehf mötuneytis- og veisluþjónusta“ (Sælkeraveislur). Aukin ánægja er nú með framboð í matsölu nemenda í Garðaskóla en markmið skólans og rekstraraðila er að mötuneytið bjóði ávallt upp á lystugan, hollan og effirsóttan mat á eðlilegu verði. Nemendum gefst daglega kostur á að kaupa heitan mat en auk hans eru ýmsar aðrar vörur í boði og finna má lista um matvörur og verð á heimasíðu skólans gardaskoli.is einnig eru nánari upplýsingar að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.heittogkalt.is.

Alþjóðlegt starf ~ Comenius

Garðaskóla hefur borið gæfa til þess á undanförunum árum að fá samþykktar umsóknir skólans um að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi Evrópuþjóða undir samheitinu Comenius (á vegum Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins). Samstarfið hefur bæði verið fólgið í gagnkvæmum heimsóknum starfsmanna og nemenda landa á milli en einnig hafa nemendur unnið ýmis verkefni í samvinnu við nemendur þáttökulandanna.

Nú í haust kom út stórglæsileg afurð þessa samstarfs í formi matreiðslubókar þar sem er að finna tugi þjóðlegra mataruppskrifta landanna sjö sem taka þátt og birtast uppskriftirnar bæði á ensku og á frummálinu auk ljósmynda. Athyglisvert er að Kínverjar (frá Tianjin) eru með sem gestir í samstarfi Evrópuþjóðanna en þær eru frá Íslandi, Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Finnlandi og Þýskalandi. Garðaskóli hefur síðan í raun verið í samstarfi við þýska skólann í Teningen á annan áratug og tugir íslenskra og þýskra starfsmanna og nemenda hist bæði hér heima og utan.


Skólarnir sjö hafa nú allir hlotið grænt ljós um áframhaldandi samstarf næstu tvö árin og í haust verður nýtt samstarfsverkefni ákveðið og hafist verður handa í vetur.

Fish Stew

Ingredients

Serves 3-4

400 g filets of haddock (skin and bones removed)
 300 g potatoes, boiled and peeled
 1 medium sized yellow onion, finely chopped
 2-3 dl milk
 2-3 dl fishstock
 3-4 tbsp flour
 3-4 tbsp water shaken with the flour and used as a sauce thickener
 1 tsp vegetable stock cube
 ¼ tsp white pepper
 a little salt to taste



Preparation


Boil the potatoes until tender and peel them. They can also be peeled before boiling. Then cut them into small dice.
 Put the fish and the onion to boil in lightly salted water which almost covers the fish. Bring slowly to the boil and cook for a few minutes in a covered pot.
 Pour 2-3 dl of the fishstock into another pot with the milk and season with the vegetable stock and pepper. Bring to the boil.
 Use the flour and water mixture to thicken the broth until it has the texture of a thick sauce. Stir constantly and boil slowly for about 1-2 minutes.
 Put the potatoes, fish and onion into the sauce and mix well.
 Season with salt and pepper and even a little pinch of white sugar.
 Serve with rye bread and butter and a carrot salad.

Plökkfiskur

Innihald

Fyrir 3-4

400 gr ýsulfök, roðlaus og beinlaus
 300 gr kartöflur, soðnar og skráðar
 1 meðalstór laukur, afhýddur og smáttsaxaður
 2-3 dl mjólk
 2-3 dl fiskisöð, af fiskinum
 3-4 msk hveiti
 3-4 msk vatn, til að blanda í hveitið og hrísta saman
 ½-1 tsk grænmetiskráfur
 ¼ tsk hvítur pipar, duft
 Salt eftir smekk



Aðferð

Kartöflurnar eru settar í pott með vatni svo fljóti yfir og þær soðnar þar til þær eru mjúkar í gegn, síkan skráðar. Einnig má afhýða þær áður en þær eru soðnar. Þegar kartöflurnar eru soðnar og afhýddar eru þær skornar í netta bita. Fiskurinn og laukurinn eru sett yfir til suðu í léttsötuðu vatni, (ca. 1 tsk. salt) svo vatnið fljóti næstum því yfir fiskinn. Láttu fiskinn hitna röðga upp að suðu í nokkrar mínútur. Notaðu lok á pottinn. Passaðu að fiskurinn sé gegnum eiddur. Helltu 2-3 dl af fiskisölinu í annan pott ásamt mjólkinni og bragðbættu með grænmetiskráfu og pipar. Láttu suðuna koma upp á blöndunni. Þykktu sökk með vatns- og hveitjafningi, helltu jafningnum út í smátt og smátt, eða þar til sösan er orolin máttalega þykk. Hráðu í jafningnum á meðan. Sjóðu rölega í 1-2 mínútur. Settu kartöflurnar, fiskinn og laukinn út í sösunu og hráðu í svo fiskurinn losni í sundur og allt blandist vel saman. Smakkaðu til með salti og pipar og e.t. örtnum stráðyrki. Rétturinn er borinn fram með gullrúsulati og jafnvel rugbraut.

Skólaráð Garðaskóla

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum sem gildi tóku í júlí 2008 ber skólastjóra grunnskóla að hafa forgöngu um stofnun skólaráðs sem tekur við þeim hlutverkum sem foreldraráð, kennararáð og nemendaráð höfðu að hluta samkvæmt eldri lögum.

Um starfsemi skólaráða hefur verið gefin út reglugerð (1157/2008) sem finna má á vefsíðu menntamálaráðuneytis og einnig á heimasíðu Garðaskóla.

Meginverkefni skólaráðs er að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Skólaráð fjallar því um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólalagd.

Skólaráð Garðaskóla hefur starfað síðan í desember 2008 en í því sitja tveir fulltrúar foreldra (útnefndir af stjórn Foreldrafélags Garðaskóla), tveir fulltrúar kennara (valdir af kennurum). Einn fulltrúi annarra starfsmanna en kennara (sl. ár gegndi trúnaðarmaður starfsmanna því hlutverki), tveir fulltrúar nemenda (úr nemendaráði), einn fulltrúi grenndarsamfélags (forstöðumaður Garðalundar) og skólastjóri. Auk þessara 9 aðila situr aðstoðarskólastjóri Garðaskóla fundi skólaráðsins.

Aðrar upplýsingar um skólaráð Garðaskóla, skipan þess og allar fundargerðir ráðsins má finna á heimasíðu skólans (gardaskoli.is).

Skófatnaður - útiskór í nemendaskápa!

Í Garðaskóla er ætlast til þess að nemendur gangi innanhúss um á inniskóm (sem eru m.a. ráðlagðir á innkaupalistum). Mælt er til þess við nemendur að þeir geymi útiskó sína í læstum nemendaskápum sínum. Á hinn bóginn eru við bæði aðalanddyri skólans ágætis skóhillur þar sem nemendur geta skilið skófatnað eftir ef þeir kjósa. Við í skólanum mælum þó eindregið með að nemendur nýti fremur þann kost að geyma skó í skápum sínum því skólinn getur ekki borið ábyrgð á þeim skófatnaði sem skilinn er eftir í hillunum enda ekki hægt að halda þar úti gjörgæslu. Blessunarlega hefur þó lítið borið á gripdeildum á undanförunum árum en sjálfsagt að nemendur hafi allan varann á sérstaklega þegar um dýran skófatnað er að ræða.



Átak: Skór í hillum - ekki á gólfi

Í vetur mun sem endranær gengið rösklega eftir því að þeir skór sem geymdir eru í anddyrum skólans séu á skóhillum en ekki á gólfi. Hrúgur af skófatnaði eru langt frá því að vera augnayndi né bera vott um snyrtimennsku.

Skór sem liggja á gólfi kunna með eða án fyrirvara að vera fjarlægðir og nemendur þurfa að vitja þeirra hjá starfsmönnum skóla sem fara með þeim yfir reglur um frágang skófatnaðar í anddyrum skólans.



Félagsmiðstöðin Garðalundur ~félagslíf nemenda Garðaskóla~

Stefnt er að því að vetrardagskrá félagsstarfsins í Garðalundi hefjist formlega mánudaginn 13. september.

Opið verður með hefðbundnum hætti í kvöldstarf þrjú kvöld vikunnar mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Í boði verður fjölbreytt afþreying, dagskrá nemenda, spil, leiktæki, námskeið, hópastarf og fleira sem rúmast innan opnunartímans. Mánudaga og miðvikudaga er opið frá 19 til 22 og á föstudögum 19 til 22.30. Dansleikir og stærri viðburðir verða einkum á föstudögum og í undantekningartilvikum fram undir miðnætti. Rúta er í boði fyrir þá sem þurfa að fara um langan veg eftir dansleiki en farið mun að öllum líkindum kosta eitthvað lítilræði því ekki er lengur hægt að bjóða það frítt. Félagsstarfið er ætlað nemendum 8. til 10. bekk. Í undantekningartilvikum er húsið lokað vegna hópferðalaga og eða dagskráin flyst úr húsi.



Dansleikir verða á u.þ.b. sex vikna fresti og jafnan á föstudögum. Stefnt er að því að opnunardansleikur fyrir nemendur verði föstudaginn 24. september og standi frá kl. 20.30 til 23.45. Geta má þess að nemendur þurfa að sækja um leyfi ætli þeir að bjóða vinum og jafnöldrum úr öðrum bæjarfélögum.



Aðrir stærri viðburðir í félagslífi verða t.d. þátttaka nemenda í félagsmálum á landsmót Samfés, Afmælisdagur skólans, Gagn og gaman dagar, Draugahús, dansleikir, Stílkeppni félagsmiðstöðva, Söngkeppni Garðalundar og Samfés, hæfileikakeppnin Safinn, Samfésball, skíðaferðir, Rokksmiðja, leiklistaruppfærsla, árshátíð o.fl. Lögð verður áhersla á að dagskrá í hádegi og frímínútum í vetur með ýmsum kynningum, sýningum, tónlist og léttu gamni til að hressa upp á andann á skólatíma og í félagsmiðstöð.



Félagsmálafræði er áfram í boði sem valgrein fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem hafa áhuga á félagsmálum. Góður hópur hefur þegar skráð sig og afar spennandi vetur framundan í bættri vinnuástöðu. Nemendur félagsmálafræðinnar koma að miklu leyti til með að skipuleggja félagslíf vetrarins, njóta fræðslu sem viðkemur félagsmálum, öðlast reynslu við að undirbúa, framkvæma og stjórna ýmsum viðburðum.

Dagskrá vetrarins er auglýst á heimasíðu, fésbókinni og á skjám í skólanum. Lögð verður sérstök áhersla á eflingu stuttmynda og kvikmyndagerðar á haustönn, öflugt hljómsveitastarf, og að bjóða upp á tómsundur tengdar list- og verkgreinum. Vinsælir skíðahópar taka síðan til starfa eftir áramót. Allir eru hvattir til að fylgjast vel með og fréttir má nálgast á heimasíðu Garðalundar.



Forstöðumaður Garðalundar er Gunnar Richardson.

Sími félagsmiðstöðvar er 590 2575.

Netfang: gardalundur@gardalundur.is.

Heimasíða: www.gardalundur.is og á fésbókinni

<http://www.facebook.com/pages/Felagsmidstod-Gardalundar/313940840581>

Gott að vita ~ ýmsar upplýsingar ~

Garðaskóli - v/Vífilsstaðaveg - Sími: 590 2500 - Fax: 590 2501
Netfang: gardaskoli@gardaskoli.is Heimasíða Garðaskóla: www.gardaskoli.is

Skrifstofa skólans er opin mánud. - fimmtud. kl. 7.30 - 15.00 og föstud. kl. 7.30 - 14.30.
Skólaritari: Anna María Bjarnadóttir.

Skólastjóri: Ragnar Gíslason ragnar@gardaskoli.is

Aðstoðarskólastjóri: Pröstur Guðmundsson throstur@gardaskoli.is

Forstöðumaður Garðalundar: Gunnar Richardson. gunnarrich@gardabaer.is

Deildarstjórar:

8. bekkur og 9. bekkur:	Helga María Ólafsdóttir.	helga@gardaskoli.is
10. bekkur:	Ingibjörg Anna Arnarsdóttir.	ingibjorg@gardaskoli.is
Deildarstjóri námsvers:	Brynhildur Sigurðardóttir.	brynhildur@gardaskoli.is

Félagsmiðstöðin Garðalundur og Garðaskóli deila húsnæði og starfa saman að félagsmálum nemenda. Að öllu jöfnu gilda sömu reglur um starfsemi Garðalundar og Garðaskóla.

Skólasafn skólans er opið alla daga frá kl. 8.10-15.30. Skólasafnkennari: María Hrafnadóttir.

Hjúkrunarfræðingur skólans er Ása Sjöfn Lórensadóttir. Skólalæknir er Ásmundur Jónasson.

Skólasálfræðingur er Brynjólfur G. Brynjólfsson. Hann hefur aðsetur á skólaskrifstofu Garðabæjar, sími 525 8500. Sálfræðingur hefur aðstöðu til viðtala í Garðaskóla.

Námsráðgjafar skólans eru: Ásta Gunnarsdóttir astag@gardaskoli.is og Auður Sigurðardóttir auður@gardaskoli.is. Þær eru til viðtals alla skóladaga. Nemendur og foreldrar geta pantað viðtal eftir þörfum í aðalsíma skólans 590 2500.

Allar helstu upplýsingar um skólann á að vera hægt að nálgast á heimasíðu hans: www.gardaskoli.is



Heimasíða skólans: www.gardaskoli.is

Allir nemendur skólans geta leitað til námsráðgjafa

Námsráðgjafar vinna ásamt öðrum starfsmönnum skólans að ýmsum velferðarmálum er tengjast námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Námsráðgjafar vinna bæði með einstaklinga og hópa.

Helstu viðfangsefni námsráðgjafa eru:

- Að veita ráðgjöf og upplýsingar vegna náms- og starfsvals að loknum grunnskóla. Nemendur fá aðstoð við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Að veita persónulega ráðgjöf eða stuðning vegna vanda er snertir nám eða líðan nemenda og greiða aðgang að viðeigandi sérfræðiaðstoð þegar við á. Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu.
- Að veita ráðgjöf og leiðsögn um vinnubrögð í námi.
- Að huga að þeim nemendum sem standa höllum fæti í námi.
- Að stýra og halda utan um jafningjastarf í skólanum.
- Að taka þátt í fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við starfsmenn skólans og félagsmiðstöðvar svo sem forvörnum vegna vímuefna, eineltis, ofbeldis o.fl.

Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa eða með tilvísun frá kennurum, skólastjórnendum eða að beiðni foreldra. Mikilvægt er að nemandinn sé virkur aðili í ráðgjöfinni og vilji til samstarfs er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist honum. Forráðamenn geta leitað beint til námsráðgjafa.

Foreldrafélag Garðaskóla

Í Garðaskóla starfar, samkvæmt 9. grein grunnskólalaga, foreldrafélag en skólastjóri hvers skóla er samkvæmt lagagreininni ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Markmið Foreldrafélags Garðaskóla

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska

Stjórn foreldrafélags Garðaskóla veturinn 2010 - 2011 var kosin á aðalfundi félagsins síðastliðið vor og hana skipa:

- Soffía Pálsdóttir, formaður
- Freyja Björk Gunnarsdóttir
- Friðrik Ingi Friðriksson, fulltrúi stjórnar í skólaráði
- Steinunn Bergmann
- Þórir Matthíasson
- Klara Hjálmtýsdóttir er fulltrúi foreldra utan stjórnar í skólaráði.

Frá stjórn félagsins:

Hægt er að hafa samband við stjórn foreldrafélagsins með því að senda tölvupóst á foreldrafelag@gardaskoli.is. Einnig viljum við benda á ýmsar upplýsingar frá foreldrafélaginu á svæði foreldra á heimasíðu skólans. Stjórnin mun kynna starfsáætlun vetrarins fljótlega eftir skólabyrjun og jafnframt boða bekkjarfulltrúa á fulltrúaráðsfund. Hlökkum til að starfa með foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans í vetur. Við hvetjum foreldra til að taka virkan þátt í foreldrasamstarfi s.s. með því að gefa kost á sér sem bekkjarfulltrúar, taka þátt í foreldrarölti (verði þess óskað) og/eða hafa samband við stjórnina til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Mentor

Garðaskóli notar skólaskráningarkerfið Mentor til að halda utan um mætingar og vinnubrögð nemenda og samskipti við heimili. Kerfið er á Netinu og er notað í leik- og grunnskólum í Garðabæ og víðar. Foreldrar hafa aðgang að kerfinu með notendanafni og lykilorði og er mikilvægt að þeir fylgist með daglegri framvindu hjá börnunum sínum. Ef foreldra vantar aðgangsorð/eða hafa glatað því þá eru þeir beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans í síma 590 2500.

Í vetur mun skólinn hefja birtingu á áætlunum um heimavinnu og svonefndri verkefnabók nemenda (nánari útfærsla á námsþáttum hvernar námsgreinar).

Fyrirkomulagi á punktakerfi skólans er að einungis er gefin ein einkunn fyrir mætingu. Í upphafi vetrar eru allir nemendur með einkunnina 10 en þeir fá frádráttar punkta í hvert sinn sem þeir koma seint eða eru óleyfilega fjarverandi.

Kennarar geta síðan skráð umsagnir um ástundun og hegðun en ekki er gefin einkunn fyrir þessa þætti. Til dæmis getur kennari skráð í Mentor umsögn um nemenda sem kemur án heimavinnu til kennslustundar eða umsögn um nemanda sem hefur verið með framúrskarandi vel unna heimavinnu. Tekið skal fram að ef nemandi fær fáar eða engar merkingar í Mentornum þá þýðir það að hann sé að vinna vinnuna sína vel og samviskusamlega. Jákvæðar umsagnir í Mentornum eru notaðar til að draga fram í dagsljósið sérstaklega vönduð vinnubrögð hjá nemendum. Punktakerfið er nánar útlístað á bls. 15 í skólalýklinum *Samskipti og skólaandi*.

Samræmd könnunarpróf í 10.bekk

Síðastliðið haust var sú nýbreytni viðhöfð í fyrsta sinn að 10. bekkingar þreyttu samræmd könnunarpróf snemma skólaárs í stað vors eins og var tíðkað um árabíl. Hugmynd menntamálaráðuneytis og Námsmatsstofnunar er að þessi próf ásamt hliðstæðum könnunarprófum í 4. og 7. bekk nýtist nemendum og skólanum til að skerpa á námi vetrarins og greina styrkleika og veikleika. Við í Garðaskóla munum vinna sem kostur er að nýta niðurstöður prófanna í haust en þó er ekki vitað nákvæmlega hvenær niðurstöður þeirra birtast.

Samræmdu könnunarprófin í 10. bekk haustið 2010 verða sem hér segir:

Íslenska	mánudagur,	20. september frá kl. 9.00-12.00
Enska	þriðjudagur,	21. september frá kl. 9.00-12.00
Stærðfræði	miðvikudagur,	22. september frá kl. 9.00-12.00

Framkvæmd prófanna í Garðaskóla verður nánar kynnt nemendum og foreldrum þegar að dregur og þær upplýsingar birtast jafnframt á heimasíðu skólans.



Samstarf skóla og heimila:

Hvernig náum við sambandi við skólann?

Það er augljóst að samskipti heimila og skóla hafa stóruáhrif á örfáum árum. Það er vel og ekki síst framþróun tækninnar fyrir að þakka. Hér áður fyrir létu margir foreldrar nægja að hitta kennara einu sinni til tvisvar á ári á foreldradögum og sumir ögn oftár á tilteknum viðtalstímum. Nú hafa orðið stakkaskipti og það er farið að heyra til undantekninga að kennarar og foreldrar bindi samskipti við fasta viðtalstíma. Til upplýsingar eru hér greindar helstu samskiptaleiðir á milli heimila og Garðaskóla.

hjartanlega

Nemandinn sjálfur

Auðvitað er einfaldast og best að fá upplýsingar um skólastarfið, verkefni þess og áætlanir frá nemandanum, unglingnum. Við veitum nemendum okkar upplýsingar munnlega og skriflega. Þá er þeim oftár en ekki falið að upplýsa foreldra sína eða færa þeim lesmál frá skólanum. Við vitum þó að þessi samskiptaleið er á stundum ófær og upplýsingar komast ekki til skila. Það hlýtur að teljast vandi viðkomandi nemenda og foreldra þeirra. En blessunarlega skila langflestir nemendur skilaboðum til foreldra sinna.

Síminn

Foreldrar geta hringt í skólann og skilið eftir skilaboð til umsjónarkennara, annarra kennara eða stjórnenda skólans um að hringja. Þá geta foreldrar einnig pantað viðtöl á viðtalstíma eða á öðrum tíma í samkomulagi við viðkomandi kennara. Ritarar á skrifstofu skólans taka á móti skilaboðum.

Tölvupóstur

Inn á heimasíðu skólans www.gardaskoli.is er að finna netföng allra starfsmanna skólans. Allir kennarar eru með fartölvu og í stöðugu netsambandi. Þetta er sú leið sem flestir foreldrar kjósa nú til dags. Við í skólanum leggjum til að einföld skilaboð og upplýsingar séu flutt með tölvupósti, en dýpri samræður og lausn vandamála fari fram á persónulegri hátt – á fundum eða einkaviðtölum í skólanum.

Skólapóstur

Umsjónarkennarar senda vikulega með tölvupósti upplýsingar um ástundun nemenda til þeirra forráðamanna sem eru á póstlista. Ýmis bréf og tilkynningar eru sendar til forráðamanna sem eru á póstlista. Kennarar geta einnig sent tilkynningar eða bréf til aðstandenda hópa eða umsjónarþekkinga.

Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans eru ýmsar almennar upplýsingar um skólann, s.s. skólanámskrá, fréttabréf skólans, upplýsingar um starfsmenn skólans og stjórnendur. Þá eru einnig upplýsingar um námsráðgjöf, foreldrafélag og fleira.

Á forsiðu heimasíðunnar má ávallt sjá fréttir um það sem er að gerast í skólanum og þar eru einnig hagnýtar upplýsingar og tenglar í það nýjasta á vefnum. Myndir úr skólastarfinu eru reglulega settar inn á heimasíðuna.

Á heimasíðunni má finna tengla (krækjur) á nokkra námsgreinavefi sem kennarar við skólann hafa útbúið. Nokkrir kennarar hafa útbúið sérstaka vefi með upplýsingum um sínar námsgreinar.

Heimasíða Garðalundar ([www//gardalundur.is](http://www.gardalundur.is)) inniheldur upplýsingar úr félagslífi nemenda við skólann.

Fjölskylduvefur

Á fjölskylduvef skólans geta foreldrar fundið upplýsingar um nöfn og símanúmer nemenda sem eru í sama umsjónarbekk og barn þeirra. Þar má nálgast stundaskrár fyrir nemendur í 8. bekk. Þar er einnig að finna skóladagatal og tilkynningar frá umsjónarkennurum. Forritið sem heldur utan um fjölskylduvefinn („Mentor“) gerir ekki ráð fyrir áfangakerfi eins og er hér í skólanum og þess vegna getur skólinn ekki fullnýtt möguleika hans. Forritið er í stöðugri framþróun og vonandi verður það betur sniðið að þörfum okkar í framtíðinni.

Foreldrafundir

Í hverjum árgangi er haldinn kynningarfundur fyrir alla foreldra samtímis að hausti.

Foreldradagar

Fyrirfram boðið viðtöl við foreldra eru tvisvar á ári.

Bekkar- og skemmtikvöld

Hér að framan eru ótaldar samkomur og fundir sem foreldrum er boðið að sækja. Ætíð er framboð af slíku. Foreldrar hvers árgangs er boðið til skemmti- og kynningarfunda á haustönn og síðan er það nokkuð undir virkni og frumkvæði bekkjarfulltrúa hvort og hvernig bekkjarkvöldum er háttað.

Foreldrafélag Garðaskóla

Á blaðsíðu 8 í þessu fréttabréfi er sagt frá Foreldrafélagi Garðaskóla. Á þeim vettvangi geta foreldrar átt samstarf við aðra foreldra nemenda skólans. Nánari upplýsingar um félagið er síðan bæði að finna á heimasíðu Garðaskóla og einnig er hægt að hafa beint samband við stjórnarmenn í tölvupósti: foreldrafelag@gardaskoli.is. Virkt og gott foreldrastarf styður við starf skólans og nemendur hans og félagið er kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að koma að stefnumótun um skólamál í Garðaskóla og í Garðabæ



Skólasafn, tækjanotkun, gjaldtaka



Með tilkomu tölvutækninnar hafa nemendur í síauknum mæli skilað verkefnum til kennara á tölvutæku formi. Smátt og smátt hefur álag aukist á tölvuprentara skólans og pappírsgjöldir. Nemendur hafa gjarnan viljað prenta verkefni sín út á skólasafni og fram að þarsíðasta skólaári var slíkt mögulegt án greiðslu en nú er ásóknin það mikil að fjárveitingar skólans til þessa liðar standa ekki undir kostnaði. Því er nemendum boðið upp á útprentun í tækjum skólans á skólasafni gegn vægu gjaldi, kr. 10.- hvert A4-blað í útprentun.

Skil á lánsbókum

Nemendur geta fengið bækur til heimaláns frá skólasafninu. Því miður eru það enn allnokkrir sem draga að skila bókum að loknum lestri. Of margir hafa ekki enn skilað bókum frá síðastliðnu skólaári og eru þeir hvattir til að gera skil hið fyrsta. Ljóst er að skólinn mun á næstunni taka upp starfshætti almennra bókasafna og senda þeim sem ekki skila bókum reikning vegna þess kostnaðar sem fellur til vegna nýrra bókakaupa.

Skólalykill - Samskipti og skólaandi

Á undanförunum árum hafa fjölmargir starfsmenn Garðaskóla kynnt sér samskiptaaðferðir kenndar við „Uppbyggingu” eða „Restitution.” Þessum aðferðum er lýst gaumgæfilega í bæklingnum „Samskipti og skólaandi” sem nemendum er afhentur á fyrsta skóladegi vetrarins. Bæklinginn er einnig að finna á heimasíðu skólans gardaskoli.is.

Í stuttu máli eru þessar aðferðir fyrst og fremst leiðbeiningar um samtaltækni sem leiðir nemandann að því að líta í eigin barm og taka ábyrgð á hegðun sinni með aukinni sjálfstjórn. Hugmyndafræðin er að enginn geti breytt eigin hegðun nema viðkomandi einstaklingur. Til þess þarf hann að þekkja eigin þarfir og hvenær hegðun verður óæskileg og skaðar viðkomandi og aðra. Stefnan er að leysa sem greiðast úr samskiptavanda og vinna þann sem hefur misst stjórn á eigin hegðun til sjálfsábyrgðar og sjálfstjórnunar.

Ofangreint breytir því ekki að skólinn setur fram skýr mörk um æskilega og óæskilega hegðun og skilgreinir rækilega tiltekin mörk eða marklínur sem settar eru. Þegar nemandi fer alvarlega út fyrir marklínur og brýtur ófrávikjanlegar reglur eru fyrirfram þekkt viðurlög sem taka þegar gildi. Slíkar reglur köllum við öryggisreglur og frá þeim er greint í bæklingnum „Samskipti og skólaandi.”

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að kynna sér þetta efni sem best.



Umsjónarkennarinn ~ mikilvægi tengiliðurinn

Í Garðaskóla skiptast nemendur í bekkjardeildir í 8. bekk, en í eru í mismunandi námshópum í 9. og 10. bekk. Engu að síður tilheyra allir nemendur tilteknum umsjónarbekk sem umsjónarkennari sér um.

Umsjónarkennarinn er ávallt fyrsti tengiliður heimilanna við skólann. Umsjónarkennarinn heldur utan um upplýsingar um nemandann og hittir hann reglulega í hópi annarra nemenda (umsjónartími vikulega), einslega og með forráðamönnum. Nemendur eiga að eiga mjög greiðan aðgang að umsjónarkennurum.

Foreldrafélag Garðaskóla hefur sett á verkefnaskrá sína að efla samveru nemenda og foreldra á vettvangi skólans. Meðal annars hefur félagið lagt til að hver bekkjardeild skipuleggi einhvers konar viðburð sem kallar á samveru að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn. Þar er reiknað með þátttöku allra foreldra, umsjónarkennara og að sjálfsögðu nemenda.



Hollir lífshættir ~ Ástundun, heilsa, svefn og næring

Í Garðaskóla viljum við beita okkur fyrir því að nemendur læri um holla lífshætti, skynsamlegar matar- og svefnvenjur auk gildi hreyfingar og líkamsræktar. Það er margt sem glepur á unglingsárum og framboð afþreyingar meira en nóg. Þess vegna er best að læra sem fyrst að velja og hafna og ná tökum á skipulagningu tíma og að menn gleymi ekki að rækta líkama og sál.

Unglingur sem missir tök á lífsháttum sínum, vakir of lengi, borðar óreglulega, hreyfir sig lítið og eyðir miklum tíma í sjónvarp og tölvur nær ekki að hvíla sig og skipulagning náms getur farið úrskeiðis. Það líður engum vel sem er syfjaður, þreyttur og vannærður og nám við slíkar aðstæður heppnast ekki vel.

Í Garðaskóla leiðbeina kennarar nemendum um námstækni og námsráðgjafar skólans eru til staðar alla daga vikunnar. Unglingar sem lenda í vífahring svefnleysis og vanlíðunar fara að missa úr skóla vegna slappleika og skröpa. Slíkt brýtur niður sjálfsmynd og leiðir til vanmats á eigin getu og missi sjálfstrausts.

Nemendur skólans eru hvattir til að ná góðum svefni, hollri hreyfingu og góðu mataræði og ná því að stunda vel skipulagt skólanám til árangurs.

Hlutur foreldra í að aðstoða nemendur í þeirri viðleitni er mjög mikilvægur og í raun úrslitaatriði.



Skóladaatal

Skóladaatar = 180

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M	Hópefl 8. bekkur	1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	Útivist 8. og 9. be. Vorferð 10. be.
2 M	Friðdagur verslunarmanna	2 F	Foreldrafundur kl. 8:20 - 9:00	2 L		2 Þ		2 F	Próf og kennsla	2 S		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F	Uppstigningardagur Vorferð 10. be.
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	Próf og kennsla	3 M	Sk.d.	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Útivist 8. og 9. be. Vorferð 10. be.
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ	Sk.d.	4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M	Próf og kennsla	6 F		6 S		6 S		6 M		6 F		6 M	Bóka og skápaskil Vorhátíð
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ	Próf og kennsla	7 F	Afhending einkunna	7 M		7 M	Bolludagur	7 F		7 L		7 Þ	Sk.d.
8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Próf og kennsla	8 L		8 Þ		8 Þ	Sprengidagur	8 F		8 S		8 M	Skólaslit
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M	Öskudagur Fjölgreindarleikar	9 L		9 M		9 F	Sk.d.
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S		10 Þ		10 F	Sk.d.
11 M		11 L		11 M		11 F	Dagur skólans	11 L		11 Þ		11 F		11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M	Foreldra- og nemendaviðtöl	12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Hvítasunnudagur
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	Annar í hvítasunnu
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M		14 M		14 F		14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F		15 S		15 M	
16 M	Sk.d.	16 F		16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ	Sk.d.	17 F	Sk.d.	17 S		17 M		17 F	Jólaskemmtun	17 M		17 F		17 F		17 S	Pálmásunnudagur	17 Þ		17 F	Þjóðhátíðardagurinn
18 M	Sk.d.	18 L		18 M	Sk.d.	18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M		18 M		18 L	
19 F	Sk.d.	19 S		19 Þ	Foreldra- og nemendaviðtöl	19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F	Sk.d.	20 M	Samr. pr. 10. b. (isl)	20 M		20 L		20 M		20 F		20 S		20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ	Samr. pr. 10. b. (ens)	21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 M	Vetrarfrí	21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti Skírdagur	21 L		21 Þ	
22 S		22 M	Samr. pr. 10. b. (stæ)	22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ	Vetrarfrí	22 Þ		22 F	Föstudagurinn langi	22 S		22 M	
23 M	Sk.d.	23 F		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 M	Vetrarfrí	23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ	Skólasetning	24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F	Vetrarfrí	24 F		24 S	Páskadagur	24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F	Vetrarfrí	25 F		25 M	Annar í páskum	25 M		25 L	
26 F		26 S		26 Þ		26 F	Jólaskreytingadagur	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Vorpróf	26 S	
27 F		27 M		27 M	Gagn og gaman	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F	Vorpróf	27 M	
28 L		28 Þ		28 F	Gagn og gaman	28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F	Gagn og gaman	29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M	Vorpróf	30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ	Vorpróf		
	6		21		20		22		13		19		15		23		15		22		4

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launaneftdar sveitarfélaga skulu skóladaatar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm (rauðir). Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skóladaatali). Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla